

136
8. nóv. **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um skyldu presta til að þjóna lausum nábúabrauðum og borgun fyrir slíka þjónustu.** — Með þóknanlegu brjefi 25. sept. p. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað erindi frá biskupnum yfir Íslandi, þar sem hann sumpart spyrst fyrir um, hvort það sje embættisskylda prestanna eptir skipun hlutadeigandi hjeradsprófasts að þjóna um stundarsakir næstu prestaköllum, meðan þau standa óveitt, ásamt sínum eigin brauðum, án tillits til þess, hve lengi þessi prestaköll standa óveitt, og sumpart leggur það til, að þegar þau prestaköll standa óveitt, sem lögð er uppbót úr landssjóði samkvæmt lögum 27. febr. 1880, þá megi greiða nábúaprestinum, sem slíku prestakalli þjónar, að minnsta kosti helminginn af uppbótinni ásamt hinum öðrum tekjum brauðsins.

Að því er hið fyrra atriði snertir, lætur ráðgjafinn eigi hjá líða að tjá, að eigi verður álitid, að takmarkalaust hvfli sú skylda á prestum að þjóna næstu brauðum meðan þau eru laus, án tillits til þess, hve lengi þau standi óveitt.

Að því er þvínæst snertir uppbót þá, sem með lögum 27. febr. 1880 er lögð ýmsum prestaköllum úr landssjóði, þá sjer ráðgjafinn ekki ástæðu til að víkja frá þeim skilningi á nefndum lögum, sem hann opt áður hefur tekið fram, að prestakall það, sem hlut á að máli, geti fyrst orðið aðnjótandi uppbótarinnar frá þeim tíma er það fyrsta skipti er veitt eptir að lögin hafa náð gildi. Það má einnig ætla, að tekjur prestakalla þeirra, sem hjer er um að ræða, sjeu venjulegast, eins og hingað til hefur verið, nægileg borgun fyrir þjónustu nábúapresta í hinum óveittu prestaköllum, þegar þeir einnig hafa tekjurnar af sínum eigin brauðum. En þarsem það þó í einstökum tilfellum, eptir því sem biskupinn skýrir frá, getur verið torvelt að fá nábúaprestinn til að þjóna hinu óveitta brauði með sömu kjörum og hingað til, þá er ráðgjafinn fús til að taka í þessu skyni nokkuð fje uppí frumvarpið til fjárlaga fyrir 1886 og 1887, og vill hann þjónustusamlega biðja yður, herra landshöfðingi, að láta sjer í tje uppástungu yðar um, hve mikillar upphæðar mundi þurfa í þessu efni.

Þarsem loks þjer, herra landshöfðingi, í sama brjefi hafið spurst fyrir um, hvort nokkuð sje því til fyrirstöðu, að uppbót, sem með ofan nefndum lögum er lögð einhverju prestakalli, megi útborgast því, meðan það stendur óveitt, ef það hefur verið veitt eptir að optnefnd lög náðu gildi og þannig hefur notið uppbótarinnar áður, þá skal því viðbætt, að ekkert er á móti því.

137
8. nóv. **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja útaf beiðni um að verða gefinn í borgaralegt hjónaband.** — Með þóknanlegu brjefi 24. septbr. p. á. hafið hjer, herra landshöfðingi, sent hingað bónarbrjef frá Guðmundi Sigurðssyni á Vestdalseyri, þarsem hann fer þess á leit, að með því að hann hafi sagt sig úr þjóðkirkjunni og því hvorki geti nje vilji láta nokkurn af prestum þjóðkirkjunnar vinna prestsverk fyrir sig, verði sjer og stúlkunni Rósu Lúðvíksdóttur, sem ætla má að einnig hafi sagt sig úr þjóðkirkjunni, leyft að ganga í borgaralegt hjónaband.

Í tilefni af þessu er ekki látið hjá líða þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að með því að það ekki er sannað, að persónur þær, sem hlut eiga að máli, ekki *geti* gengið í hjónaband á þann eina hátt, sem lög

eru fyrir, það er á þann hátt, að prestur vígi þau í hjónaband svo sem venjulegt er, þá getur eigi leyfi það, er um er sótt, orðið veitt. 137
8. nóv.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um makaskipti á kirkjujörð. 138
— Eftir að ráðgjafinn hafði meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra landshöfðingi, dags. 8. nóv. 20. sept. þ. á., hefur hans hátign konungurinn samkvæmt allra þegnsamlegastri tillögu ráðgjafans 5. þ. m. allramildilegast fallið á, að Gunnar hreppstjóri Halldórsson í Skálavík megi fá jörð Vatnsfjarðarkirkju, Ytri-Skálavík í Reykjarfjarðarhreppi í Ísafjarðarsýslu að makaskiptum fyrir hálfenduna Þernuvík í Öguruhreppi í sömu sýslu, þannig, að hin fyrnefnda jörð í tilliti til gjaldskyldu skoðist framvegis sem bændaeign og hin síðarnefnda einsog hver önnur kirkjujörð, og með því skilyrði, að beiðandinn, kostnaðarlaust fyrir kirkjuna, fái ákveðin skýr og viss landamerki milli hinnar síðarnefndu jarðar og jarðarinnar Látra, sem er næsta jörð við hana, og loks að hún verði fengin viðkomandi presti í hendur með löglegri úttektargjörð.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um sölu á kirkjujörð. — 139
Eftir að ráðgjafinn hafði meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra landshöfðingi, 20. sept. 8. nóv. þ. á., hefur hans hátign konunginum samkvæmt allra þegnsamlegastri tillögu ráðgjafans 5. f. m. allramildilegast þóknast að fallast á, að jörðin Hvanná í Jökuldals- og Hlíðarhreppi í Norðurmúlasýslu, sem Hofteigsprestakall á, verði seld bóndanum Kristjáni Kroyer, þannig að þau 2 innstæðukúgildi, sem á henni eru, ekki fylgi með, fyrir 4500 kr., sem að helmingi skuli greiddar þegar í stað en að helmingi megi standa í hinni seldu jörð gegn fyrsta veðrjetti í henni og 4 af hundraði á ári í vöxtu, og skuli af jörðunni eftir sölnuna greiða tíund og önnur gjöld til hins opinbera svo sem af hverri annari bændaeign.

Þetta er eigi látið hjá líða þjónustusamlega að tilkynna yður hjer með, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigendum.

2 brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lán handa embættismönnum til húsa bygginga. — Með brjefum þessum samþykkti ráðgjafinn, að hjeraðslæknunum Þórði J. Thoroddsen og Einari Guðjohnsen yrðu veitt lán úr viðlagasjóði að upphæð 5000 kr. og 4000 kr. til byggingar íbúðarhúsa í Njarðvík og á Vopnafirði, og skyldu lán þessi veitt með sömu skilyrðum og tiltekin eru í brjefi ráðgjafans 13. apríl 1883 (Stj.tíð. 1883 B, bls. 61). 140
8. nóv.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um sölu á þjóðjörð samkvæmt lögum 8/11 83. — Í tilefni af tillögum yðar, herra landshöfðingi, í þóknanlegu brjefi 27. sept. þ. á., en því fylgdi bóнарbrjef frá Þ. Þorsteinsyni, ábúanda á Grund í Svínadal í Húnavatnssýslu, sem er hin 10. jörð í röðinni, er nefnd er í lögum 8. nóv. f. á. um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir, þar sem hann fer þess á leit, að hann fái jörð þessa keypta fyrir það verð sem ákveðið er lægst í lögnum eða 4500 kr., einsog hún er virt í virðingargjörð þeirri, sem einnig fylgdi með brjefi yðar, þá skal 141
8. nóv.